# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Bann við lagningu ökutækja í Álakvísl milli Álakvíslar 16 og 38.
2. Bann við lagningu ökutækja í Álakvísl milli Álakvíslar 15 og 136.
3. Gönguþverun yfir Selásbraut, sunnan við Þverás, verði merkt sem gangbraut.
4. Bílaumferð um botnlanga Brekknaáss víki fyrir annarri bílaumferð um Brekknaás við Blásali.
5. Strætóstöð á Selásbraut, sunnan Þveráss, verði merkt sem biðstöð hópbifreiða í almenningsakstri.
6. Ráðist verði í gönguþverun við Árvað vegna stígatengingar.
7. Gangbraut yfir Langholtsveg til móts við Hlunnavog.
8. Umferð um Þingholtsstræti, úr norðri og suðri, skal víkja fyrir umferð um Skálholtsstíg á biðskyldu.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 87. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Bifreiðastæði við Ránargötu 23 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
2. Bifreiðastæði við Njálsgötu 47 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
3. Bifreiðastæði við Laugarásveg 60 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Reykjavík, 30. júní 2025.*

Skrifstofa stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur,
**Björg Ósk Gunnarsdóttir** lögfræðingur.

---

B deild - Útgáfudagur: 14. júlí 2025